



Aðalfundur SART 2018

Haldinn föstudaginn 08. mars 2019, kl. 09:00
á Grand Hótel 110 Reykjavík Fundarsalurinn Hvammur

Setning aðalfundar – kjör fundarstjóra og fundarritara
Hjörleifur Stefánsson tilnefni Lárus A. Jónsson fundarstjóra og Guðrún Birna Jørgensen fundarritara og var tillagan samþykkt af fundarmönnum.

Fundarstjóri athugar lögmati fundarboðs og er fundurinn löglega boðaður, en fundarboð var sent í tölvupósti 5. febrúar 2019 og ítrekað 15. febrúar 2019. Fundarmenn benda á að það hefði mátt minna á fundinn aftur.

Dagskrá skv. 22. grein í samþykktum félagsins:

1. Formaður og framkvæmdastjóri gera grein fyrir störfum stjórna og skrifstofu fyrir liðið ár.

Hjörleifur Stefánsson formaður, flytur skýrslu stjórnar – Skýrsla formanns fylgir með sem viðhengi.

Kristján D. Sigurbergsson framkvæmdastjóri, gerir grein fyrir störfum skrifstofu sem og félaga á landsbyggðinni – Samantekt framkvæmdastjóra fylgir með sem viðhengi.

2. Reikningar samtakanna fyrir liðið reikningsár.

Reikningar orlofssjóðs og SART lagðir fram – framkvæmdastjóri SART fór yfir ársreikning ársins 2018 ásamt ársreikningi orlofssjóðs SART.

Félagsmaður bendir á að útleigan á sumarhúsinu dugar rétt fyrir rafmagni ársins. Kristján bendir á að búið er að hækka útleiguna sem og að rafmagnsreikningurinn kemur til með að lækka þar sem búið er að ganga frá heitavatnslögn.

Félagsmaður spyr hvort megi fara með hunda í húsið, en skv. reglum má ekki vera með hunda í húsinu.

Varðandi ársreikning SART gerir Kristján grein fyrir því að það eru gjöld sem aldrei hefur verið skilað til SA en gengið verður frá því á þessu ári.

Félagsmaður spyr um „light and building“ – Lárus útskýrir að það var ákveðið að það yrði borgað fyrir formann SART í þessa ferð. Hefur ekki verið fært svona í reikningum áður.

Reikningar voru bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir án nokkurra andmæla.



3. Formenn aðildarfélaganna eða fulltrúar þeirra gera grein fyrir sínum félögum.

Kristján D Sigurbergsson framkvæmdastjóri, flytur samantekt og fylgir hún fundargerð.

4. Umræður og afgreiðsla mála sem á löglegri dagskrá eru.

- **Stjórn leggur til hækkun á félagsgjöldum.**

Stjórn leggur til hækkun félagsgjalda SART úr 20.000 í 30.000 á ársgrundvelli og að hækkunin taki þegar gildi.

Helgi Rafnsson mælir fyrir tillögu framkvæmdastjórnar um að félagsgjöld verði hækkuð um kr. 10.000 á ári. Mikill kostnaður sem hefur fallið til og ekki gott að sjá taprekstur á félaginu. Einnig væri gott að eiga eitthvað í sjóði. Óskað er eftir því að þetta taki gildi strax.

Tillagan var lögð til kosningar og er samþykkt með meirihluta atkvæða en enginn var mótfallinn.

5. Kosning formanns.

Hjörleifur Stefánsson núverandi formaður í kjöri en engin mótframboð voru. Hjörleifur er kosinn formaður af öllum fundarmönnum.

Formaður þakkar félagsmönnum traustið og kosningu. Minnir félagsmenn á að formaður má eingöngu vera í átta ár og eftir næstu tvö ár er Hjörleifur búinn að sitja í fjögur ár.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra.

Núverandi skoðunarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi starfa:

Lárus Andri Jónsson Arnbjörn Óskarsson – samþykktir samhljóða af fundarmönnum.

Til vara:

Gunnar H. Sigurðsson Stefán Albertsson – Samþykktir samhljóða af fundarmönnum.

7. Önnur mál

- **Stjórn fer fram á samþykki aðalfundar til að leiðrétta samþykktir SART**

Fundarstjóri fer fram á samþykki fundarins til að taka lagabreytingu á dagskrá. Fundurinn er samþykktur því án andmæla.



Tillaga að fella út textann: *Fundarstjóri lýsir eftir uppástungum um formann á aðalfundi* – samþykkt samhljóma án andmæla.

Hjörleifur tekur til máls og útskýrir að þessar breytingar snúast um að það fórst fyrir að fella út hluta setningar á aðalfundi 2017 þegar lagabreyting var samþykkt.

- **Kynning á Rafmennt – Þór Pálsson** – Þór Pálsson framkvæmdastjóri Rafmennt segir frá starfinu. 95 námskeið voru haldin árið 2018 og voru þátttakendur 905 og hefur verið mikil aukning frá árinu 2013, en ekki er skilgreint í tölunum hvort menn séu að sækja endurmenntun eða í meistarasólanum að sækja námskeið. Aukning hefur verið í sveinsprófum, en 28% aukning var í þeim á milli áráanna 2017 og 2018, en 166 tóku sveinspróf árið 2018. Námsamningur fór fækkandi á milli áráanna 2017 og 2018, en þeir voru 140 og fóru niður í 123. Árið 2018 tóku 36 einstaklingar raunfærnimat í rafiðngreinum. Varðandi námsefnið hefur verið unnið með staðlaráði í að þýða sænska handbók og gerður var samningur um rafrænan aðgang að IST200. Hvað rafrók varðar er verið að vinna endurskrifum fyrir grunnnámið ásamt því að auka er við námsefnið í meistarasóla. Samhliða þessu hefur verið stofnum sérstök ritnefnd. Rúmlega 400 spjaldtölvum er dreift til nemenda á ári. Stefnunótunarvinna er í gangi, þar sem verið er að skilgreina hverjir hagsmunaðilar eru, hverjum á að sinna og hver forgangsverkefni eru. Þessi vinna mun líklega klárast í marsmánuði 2019. Áhersla er lögð á að þjónusta félagsmenn og væntanlega félagsmenn. Aukin áhersla hefur verið á öryggismál og má þar nefna að 900 lásar hafa verið merktir og sendir til félagsmanna. Samhliða þessu er unnið með vinnueftirliti við gerð rafræns verkfæris til áhættugreiningar. Fleiri verkefni eru í gangi eins og að styrkja kennarahópinn, vinna með starfsgreinaráði, vinna í kringum fagháskóla sem og rafræna ferilbók og fleira.

Félagsmaður bendir á: Búið var að ræða að setja námskeið í bilanaleit og væri mjög snjallt að setja upp slíkt námskeið sem fyrst þar sem það vantar upp á þetta hjá mönnum.

Félagsmaður spyr: Varðandi Fagháskólann þarf ekki stúdentspróf í hann – svar nei sveinspróf.

Félagsmaður spyr: Gefur meistarasólinn stúdentspróf? Svar: Nei.

Félagsmaður spyr: verður gerð krafa til þess að menn klári stúdentspróf áður en þeir taka iðnnám? Nemendum er leiðbeint með þegar þeir fara í iðnnámið að taka stúdentsprófið samhliða.

Önnur mál:

- Formaður tekur til máls og leggur til að kveðja Ólafur Sigurðsson sem er að láta af störfum hjá ákvæðisvinnustofunni. Ólafur tekur til máls og kveður félagsmenn og þakkar fyrir gott samstarf.
- Fundarstjóri minnir félagsmenn á afmælishátíðina seinna í dag og er félagsmönnum velkomið að taka eiginkonurnar með.



- Framkvæmdastjóri SART fer yfir þær nefndir og ráð sem félagsmenn SART taka þátt í. Listinn fylgir fundargerð.
- Starfsmaður Rafmenntar kemur í pontu: Gunnar starfar sem sviðsstjóri hjá Rafmennt. Sér um rafeindavirkja. Töluvert sem þarf að vinna í og laga til hvað varðar menntum rafeindavirkja og snýr það að nýrri tækni. Verið er að leggja áherslu á orðið „löggildingu“ sem er gott að geta notað fyrir fagaðila. Verið er að vinna með ökuskírteini iðnaðarmanns. Eru með lög og löggildingar fyrir iðnaðarmenn en það er ekkert sem fylgir þessu eftir um hvort menn séu með viðeigandi menntun. Hvar verða þeir eftir einhvern tíma vinnulega séð? Gagnaveitan er farin að selja ljósleiðara og gagnapakka og loftljós – hvað er loftljós? Verið er að setja ljósleiðara í loftljósinn og er þetta ný tækni.
- Fundarstjóri þakkar Kristjáni kærlega fyrir góðan undirbúning á aðalfundi.
- Kristbjörn Óli Guðmundsson þakkar stjórn og þeim sem hafa verið í stjórnnum þeirra framlag og vinnu og ekki sjálfgefið að menn vinni þessa vinnu fyrir félagsmenn. Er fulltrúi í ákvæðisvinnu rafiðna. Starfsmenn eiga líti til þess þegar þeir fara í verkefni að þeir líti til ákvæðisvinnu/mæling. Þetta er mikið betra fyrir launþegann og fyrir atvinnurekandann. Óskar eftir því að félagsmenn standi með honum í þessu. Vinnur í því að framleiða íbúðir og þeir sem vinna þar og eru í ákvæðisvinnu að þeir eru helmingi betri iðnaðarmenn en þeir sem gera það ekki.
- Það verður farið á vegum SART á sýningu á næsta ári til Frankfurt. Undirbúningur er hafinn á skipulagningunni. Verður farið að bóka í þessa ferð síðar á árinu.
- Kristján Daníel tekur til orða: tilkynnir félagsmönnum að Öryggismiðstöðin býður félagsmönnum í partý 22. mars kl. 17.
- Þór hjá Rafmennt tekur til orða: bendir á að íslandsmót iðn- og verkgreina verði haldið í næstu viku 14. – 16. mars. Keppt er í 27 iðngreinum. Allir framhaldsskólar eru með kynningarbása. Hvetur félagsmenn til að koma og sjá keppnir.

Formaður þakkar félagsmönnum fyrir fundinn og hvetur þá til þess að koma í afmælið síðar í dag. Formaður slítur fundi kl. 11:58

GBJ



Skýrsla formanns:

Aðalfundur SART 2018
Grand hótél 8.mars 2019
Skýrsla formanns

Ég vil byrja skýrslu mína á að minnast látinna félaga.

Ögmundur Guðmundsson

Ögmundur fæddist í Reykjavík 25. nóvember 1939. Hann lést 23. júlí 2018 á hjartadeild Landspítalans.

Ögmundur vann hjá Rafveri á árunum 1973-1977 þar til hann stofnaði Rafkraft ehf. Vann hann þar alla tíð með Guðjóni Gunnari syni sínum, sem kom inn í fyrirtækið sem meðeigandi árið 1990.

Sigþór Hákonarson

Sigþór fæddist í Reykjavík 23. desember 1951. Hann lést af slysförum 13. júní 2018. Hann stundaði nám í rafvélavirkjun hjá Segli og lauk þaðan sveinsprófi 1974. Hann vann síðar hjá Björgvini Kristóferssyni rafvirkjameistara, en starfaði svo sjálfstætt sem rafverktaki eftir það. Í seinni tíð, eða allt frá árinu 2000, starfaði Sigþór sem löggiltur váttryggingamiðlari en síðastliðin tvö ár hafði hann snúið sér aftur að rafvirkjun.

Birgir Kristjánsson

fæddur 26 janúar 1948 hann lést 26 okt 2018 hann fékk sveinsbréf 12 des 1969 og meistarabréf des 1972 og var félagsmaður í rafverktakafélagi norðurlands í tugi ára og rak meðal annars fyrirtækið Rafós.

Vil ég biðja fundarmenn að minnast þeirra félaga með því að rísa úr sætum

Fundir

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 3 framkvæmdastjórnarfundir og 3 stjórnarfundir

Sart hefur átt fulltrúa í stjórn SA og stjórn SI mikið og hefur mætt á stjórnarmönnum í stjórn Rafiðnaðarskólans og fræðluskrifstofu vegna skipulagsbreytinga

Félagsfundir voru haldnir eftir þörfum hjá félögunum en eina félagið sem er með reglulega starfsemi er FLR hafa morgunverðarfundir þeirra mælst vel fyrir. Og aðalfundir voru haldnir hjá öllum félögum utan 2

Félag rafeindavirkja fagnaði á síðasta ári þeim merka áfanga að 90 ár voru frá því að útvarpsvirkjun varð viðurkennd iðgrein en 10 árum síðar er félag útvarpsvirkja stofnað Þannig að grunnurinn af FRT er því 80 ára á síðasta ári í dag er nú verið að vinna að því að rafeindavirkjar fái löggildingu

Eins og undanfarinn ár var stór hópur sartara á ferðalagi um hallir á Light an building síðastliðið vor í nafni SART og var mjög góður rómur gerður af þessari ferð vil ég fyrir hönd sart þakka Lárusi fyrir undirbúning þessarar ferðar.



Á þessu ári fagna Samtök rafverktaka 70 ára afmæli hefur að því tilefni hefur verið farið í ýmiss verkefni vegna tímamótanna þar helst að nefna farið var í að láta útbúa hátíðarfána sem er nú fyrst notaður, upp hafa komið tilfelli þar sem þörf hefur verið fyrir þennan fána til stærri viðburðir og einnig fyrirspurnir vegna fráfalls félaga, hannað var nýtt barmmerki úr silfri og gulli

Silfurmerki sem fundarmenn á þessum fundi fá afhent að gjöf í tilefni Afmælisins en verður síðan selt á kostnaðarverði, gullmerki til að nota við sérstök tilefni og verða fyrstu gullmerkin afhent til fyrrum formanna og framkvæmdastjóra á afmælisfagnaðinum síðar í dag einnig var farið í blaðaútgáfu í tilefni afmælisins og að lokum verður slegið í veislu sem verður hér á Grand seinnipartinn í dag ,

til að vinna að þessum málum auk formanns voru fengnir Kristján frkvstj Sart Ásbjörn Fyrrv framkvstj Lárus A Jónsson og síðar fengum við til liðs við okkur Hartmann frá FRT vil ég fyrir hönd Sart þakka fyrir frábært starf þeirra í tilefni 70 ára afmælisins

Nýjir félagar

Frá síðasta aðalfundi hafa bæsti við 11 fyrirtæki í sart eru því félagsmenn nú um 200

Gerfiverktaka

Töluverð umræða hefur verið undanfarið um starfsemi rafiðnaðarmanna í vertöku án löggildingar oft kemur í ljós að viðkomandi er með lepp sem er jafnvel félagsmaður í SART.

Oftar en ekki er viðkomandi félagsmaður í RSÍ því er gott að halda því til haga að í kjarasamningi Sart og rsí er grein sem er svohljóðandi **Taki félagsmaður innan RSÍ út löggildingu og hefji sjálfstæðan atvinnurekstur, skal hann fara úr aðildarfélagi RSÍ eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hann tók út löggildinguna Rafiðnaðarmönnum innan RSÍ er óheimilt að gera tilboð í rafverk í samkeppni við félagsmenn innan SART eða verktaka í rafeinda- og skriftvélavirkjun, nema þeir hafi sagt upp starfi hjá vinnuveitanda með tilskildum fyrirvara og sótt um löggildingu, enda segi þeir sig úr aðildarfélagi RSÍ í samræmi við ákvæði gr. 6.3.**

Einnig hefur á sama vettvangi verið mikil umræða varðandi félagsleg undirboð og það sem mætti kalla þrælasölu á verktakamarkaði oft eru þetta aðilar sem eru með fleirri líf en köttur því kennitölufلاك virðist vera orðin þjóðaríþrótt sem ber að stöðva

Ferilbók eins og flestum ætti að vera kunnugt hefur farið framm mikil vinna vegna ferilbóka í rafiðnaði verkefnið var komið nokkuð vel á veg þegar tekin var ákvörðun um að Menntamálastofnun tæki þetta verkefni yfir fyrir allar iðgreinar skapaðist ótti hjá okkur vegna þessa um að enn eitt báknið væri að myndast Sart hefur fengið



kynningu á þessu verkefni og við fyrstu sýn virðast góðir hlutir vera að gerast þannig að fljótlega fer að sjást ávinningur af þessu frumkvæði okkar.

Kjaramál

Samningar við iðnaðarmannahópin eru í gangi eins og þið hafið væntanlega orðið varir við okkar aðkoma er sáralítill nema hvað við höfum átt einn fund með RSÍ um særkjaramál þar sem helst var rætt um verkfæragjald af okkar hálfu

Rafiðnarskólinn/Fræðsluskrifstofa

Eftir úttekt sem gerð var á rafiðnaðarskólanum var haldið áfram með vinnu í endurskipurlagningu stofnunarinnar þar ber helst að tekinn var ákvörðun um að setja saman Rafiðnaðarskólann og fræðsluskrifstofu undir einn hatt undir nafninu Rafmennt tekin var ákvörðun um að fara í mikklar breytingar á húsnæðinu er sú vinna á fullu núna og eru þær framkvæmdir fjármagnaðar af Menntasjóði rafiðnaraðins þessar skipulagsbreytingar hafa tekið mikið á bæði hjá starfsfólki og stjórnarmönnum vonandi á haustdögum verur komin endarleg niðurstaða á rekstrarumhverfi og skipulagi rafmenntar.

Sart og RSI hafa haldið áfram með það verkefni að gefa öllum nýnemum spjaldtölvu við upphaf náms í rafiðngreinum upb 460 tölur voru afhentar nú í haust og vorönn.

Öryggismál

Verkefni sem Sart átti frumkvæði af í samstarfi við RSÍ og Rafmennt sem var að dreyfa persónulásunum á alla rafiðnaðarmenn er á fullum dampi búið er að afhenda upb 1200 lása nú verður það okkar og RSÍ að hvetja til notkunar á lásunum á réttan hátt til öryggis fyrir starfsmenn okkar og fara eftir verklagsreglum

Hafin er vinna við gerð samræmt áhættumat í samvinnu við RSI og vinnueftirlit við þessa vinnu er haft í huga að gera notendavænt app með vistunarmöguleika er að stytast mjög í að prufukeyrslur hefjist

Norrænt samstarf

Sart er í norrænu samstarfi rafverktaka haldin er 1 sameiginlegur fundur í ágúst á hverju ári á síðasta ári var fundurinn í Noregi og voru þar ýmiss fróðleg málefni kom



Þar í ljós í Að 4. Iðnbyltingin er það sem verið er að fókusa á og þá eins greining á breytingu á stöfum rafverktaka greinilegt að sérhæfing í þjónustu er skandinövuð ofarlega í huga.

Formaður sótti fund samtaka rafverktaka í evrópu í stókkhólmi í september ástæðan fyrir þáttöku í þessum fundi var að í fjölda aer hafa þessi samtök sem nefnast AIE óskað eftir því að Sart gengi inn í þennan félagskap eftir griningu og reynslu af þessum fundi mælir formaður ekki með inngöngu er þá helst að nefna að mikill kostnaður fylgir aðild eru það félagsgjöld og fundarkostnaður helsti akkerishællinn

Meistaradeild

Formaður á sæti í meistaradeild SI þar sem tekin eru fyrir sameiginleg mál iðnfyrirtækja

Síðastliðið vor voru kynnt drög að menntastefnu SI skapaðist nokkur umræða innan meistaradeildar um stefnuna voru tillögur meistaradeildarmanna töluvert reæddar ber þar helst að nefna kynning á iðnámi allveg niðir á leikskólastig, að færa ætti meir af verklegri kennslu æút í atvinnulífið því það virðist alltaf vanta fjármagn í menntakerfið fyrir verklegri kennslu, töluverðar umræður urðu um orðalag í menntastefnuni sem mátti skilja sem að til framtíðar væri verið að mennta iðnaðarmenn ½ leið þe að iðnemar fengju diploma í ákveðnum verkþáttum var almennt varað við að þessi leið væri möguleg,

Mannvirkjagáttin var fyrirferðamikil því hún var sett á laggirnar um ármót var það mjög ánægjulegt að við í sart gátum miðlað af okkar reynslu á rafmagns gáttinni,

Umræða hefur skapast hvort þurfi að fara að endurskoða iðnlöggjöfina sem er frá 1978

Þetta gæti verið tvíeggja sverð og þarf að vanda vel til verka áður en farið er af stað kemur sú vinna til að byrja með innanhús hjá SI

Á aðalfundi Si í gær gekk Lárus a jónsson útúr stjórn SI vegna árákvóta vil ég fyrir hönd SART þakka honum vel unnin störf í þágu samtakana innan SI

Eins og allir hafa orðið varir við þá skiptum við um mann í brúnni þe fengum nýjan framkvstj

Hann Kristján Eftir síðasta aðalfund vil ég fyrir hönd SART bjóða hann formlega velkominn til starfa og ágætt að nefna það að hanss fyrsta ár í starfi lofar mjög góðu



Skýrsla framkvæmdastjóra á aðalfundi 8. mars 2019

Þegar litið er til baka yfir liðið ár sem jafnframt er mitt fyrsta ár hjá SART þá er fjölbreytni fyrsta orðið sem kemur upp í hugann og fagna ég því að vera kominn til starfa fyrir ykkur rafverktaka sem ég þekki af góðu einu frá fyrri tíð.

Starfsemi aðildarfélaganna 8 sem saman mynda SART er eins og gefur að skilja mis viðamikil. Það sem hæst hefur borið á góma hjá félögunum eru áhyggjur félagsmanna af eftirlitslausri starfsemi réttindalausra og jafnvel ófaglærðra í okkar fagi. Það berast fréttir úr flestum landshlutum að þessar starfsemi sé að vaxa fiskur um hrygg og því er ákaflega mikilvægt að spyrna við fótum.

Hjá **Félag rafverktaka á Austurlandi** hafa félagsmenn talað sig saman um aðgerðir og eru menn samhuga um að hætta uppáskrift á verkum nema þar sem þeir eru sjálfir verktakar. Þessi samstaða mun strax vera farin að hafa jákvæð áhrif.

Hjá **Félag rafverktaka á norðurlandi** er nýi maður í brúnni, Aðalsteinn í Raffó á Siglufirði hefur tekið við formennsku félagsins af Jóhanni Einarssyni sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Félagssvæðið er víðfeðmt og á Norð-austur hluta landsins eru menn að sjá töluverðan samdrátt eftir að framkvæmdum við virkjun á Þeystareykjum og Kísilverið á Bakka lauk. Hinsvegar er mikið líf í tuskunum á Norð-vestur svæðinu, sprenging hefur orðið í húsbyggingum á Sauðárkrók og uppbygging á gagnaveri á Blönduós hefur haft mjög jákvæð áhrif í héraði.

Frá **Félagi rafverktaka á vestfjörðum** berast fregnir af því að húsbyggingar eru að komast á skrið eftir margra ára frost í smíði nýs íbúðarhúsnæðis. Gríp ég hér ofan í pistil Sævars í Pólnum sem gat ekki verið með okkur að þessu sinni en hann sendir fundarmönnum góðar kveðjur frá Svíþjóð.

Félagar í FRVF eru nú ekki nema átta talsins og með misjafnlega mikla starfsemi.

Félagar okkar eru með starfsemi á Patreksfirði, Bíldudal, Hólmavík, Bolungarvík og þrír á Ísafirði, einn starfar utan svæðisins nú orðið. Starfsumhverfi okkar hefur verið svipað undanfarin ár þar sem þjónusta er lykilatridi fyrir þessi fyrirtæki. Þetta er þó að breytast á síðustu árum og nýframkvæmdir eru að aukast hér í fjórðungnum sem rafverktakar hér hafa boðið í og fengið. Rafverktakar á Vestfjörðum eru heilt yfir sáttir þó erfitt sé að spá í framtíðina, þeir aðlagast þessu ástandi eins og menn hafa þurft að gera í gegnum tíðina. Fyrirtæki héðan hafa sótt út fyrir svæðið t.d. í jarðgangavinnu og nú er rafverktaki hér með rafkerfi í hinum nýju

Dýrafjarðargöngum. Aðrir við djúp hafa sótt á suðurfirði t.d. Kalkþörungaverksmiðju og einnig vinnu við uppbyggingu fyrirtækja á laxeldi, bæði seiðastöðvum og í sjó.

Útgerð og fiskvinnsla er einn af burðarásunum undir starfsemi rafverktaka á þessu svæði og höfum við verið svo heppin að þar eru yfirleitt skynsamir menn í forsvari þannig að alvarlegar kollsteypur fyrirtækja er sjaldgæfar. Húsabyggingar hafa verið sjaldgæfar hér en nú virðist vera breyting á. Bæði einbýli og fjölbýli auk minni blokka eru nú í byggingu auk þess sem hið opinbera er að gera í viðhaldi á sínum eignum.

Varðandi komandi kjarasamninga þá get ég ekki stillt mig um að senda okkar forsvarsmönnum þar góðar kveðjur með ósk um farsæl málalok. Allir viljum við rafverktakar greiða okkar góða fólki mannsæmandi laun, en þau eiga að vera skýr og samanburðarhæf við aðrar stéttir, núverandi framsetning gerir ekkert annað en að auka flækjustig og oftast en ekki að gefa fólki ranghugmyndir um hin raunverulegu laun.



Félag rafverktaka á Suðurlandi hélt aðalfund sinn í desember á sl. ári og voru störf liðins ár með hefðbundnu sniði. Meðal annars kom fram í skýrslu stjórnar að formaður FRS ásamt öðrum nefndarmönnum í Fagnefnd (MVS) fundaði sl. haust með mannvirkjastofnun um niðurstöðu könnunar sem gerð var meðal félagsmanna SART um það sem betur má fara í rafmagnsöryggis gáttinni. Og var brugðist hratt og vel við ábendingum félagsmanna og fagnefndar, eiga vinir okkar hjá Mannvirkjastofnun bestu þakkir skildar fyrir jákvæðni og skjót viðbrögð.

*

Hjá Rafverktakafélag Suðurnesja er einn stærsti viðburður ársins hinn árlegi jólafundur félagsins þar sem allir félagsmenn bjóða starfsmönnum sínum til jólafagnaðar með veglegum stuðningi frá Johan Rönning. Stjórn félagsins hefur haldið nokkra óformlega fundi og einnig sótt aðalfund og aðra viðburði hjá SART.

Einnig hafa félagsmenn sótt fundi hjá Meistarafélagi Byggingarmanna Suðurnesja (svo kallaða súpufundi) sem eru haldnir í hádeginu á síðasta mánudag í hverjum mánuði, og vil ég hvetja menn til að mæta á þessa fundi sem hafa verið mjög góðir og fróðlegir um atvinnu ástand og framkvæmdir á svæðinu, Kristján okkar hefur sent út fundarboð þegar þessir fundir eru, og hefur ritari sótt eina fimm fundi á liðnu ári. Atvinnuástand á svæðinu virðist mjög gott og virðist bjart fram undan

FRT hélt 4 fundi á sl ári að aðalfundi meðtöldum.

Rafeindavirkjar hafa svolítið átt undir högg að sækja þar sem sótt hefur verið að okkur úr öllum áttum og oft á tíðum óljós mörk milli rafvirkja og rafeindavirkja ásamt því að ófaglærðir eru mjög gjarnan að dúkka upp í störf rafeindavirkja með misjafni útkomu fyrir viðskiptavini. Í því ljósi höfum verið hafin vinna sem stefnir að því að löggilda störf rafeindavirkja og þar með styrkja stöðu þeirra á markaði. Einnig höfum verið reynt að fá símafyrirtækin til funda um aðkomu FRT félaga að því að bæta GSM móttöku í íbúðarhúsnæði og fyrirtækjum, en þar sem þeim er úthlutað tíðnunum þá er það háð því að símafyrirtækin gefi leyfi fyrir því.

*

Stjórn **Félags löggiltra rafverktaka** fundar regluleg í Húsi atvinnulífsins hjá Samtökum iðnaðarins

Aðalfundur FLR var haldinn 5 október SL og voru tveir félagsmenn heiðraðir á fundinum í tilefni af sjötugs afmæli þeirra.

Eftir aðalfundinn var hin árlega haustferð FLR og var að þessu sinni farið á The Icelandic Phallological Museumeða Reðursafnið eins og það kallast á íslensku, að því loknu var snæddur kvöldverður á Skelfiskmarkaðnum í boði Rafports.

Morgunverðarfundir FLR hafa verið endurvaktir og hafa verið fjórir fundir verið haldnir á þessu starfsári. Á fyrri fundinum nú í vetur voru fulltrúar Veitna fengnir til að kynna Nýtt samskiptakerfi veitna – tengiliði og þjónustustig.

Á fundinum sem haldinn var í lok febrúar var Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur með framsögu um ábyrgð Rafverktaka og svaraði einnig fyrirspurnum fundarmanna.

Framundan er opinn fundur sem SART og FLR standa að, þar munum við fá fulltrúa frá Mannvirkjastofnun og Vinnustaðaeftirliti Rafiðnaðarsambandsins ásamt

Ingibjörgu Halldórsdóttur Lögfræðing sem hefur sérþekkingu á okkar málum, til að fjalla um það hvernig hægt sé að sporna við störfum ófaglærðra og réttindalausra.

Einnig er verið að leita leiða til að fá aðkomu stjórnvalda að fundinum með það í huga að endurvekja aðkomu skattsins að vinnustaðaeftirlitinu.



Það er von okkar sem komum að undirbúning fundarins að þessi fundur fái fjölmiðla umfjöllun og skapi umræðu í þjóðfélaginu um þá áhættu sem tekin er þegar leitað er útfyrir raðir löggiltra rafverktaka og jafnvel fenginn er rafvirki af Bland.is til að vinna við raflagnir.

Stefnt er að því að auglýsa þennan fund vel og vonast ég til að sjá ykkur sem flesta á þessum fundi sem fyrirhugað er að halda í lok mars.

Orlofshús SART

Einn er sá þáttur í starfi mínu fyrir SART sem ég tel ákaflega mikilvægan en það er umsýsla með sumarhúsið í Grímsnesinu. Þar næst tenging við félagsmenn sem margir hverjir hefðu að öðrum kosti lítil og jafnvel engin samskipti við skrifstofuna. Ég horfi á þetta sem mikilvægan þátt í því að styrkja innra starf SART og efla tengsl skrifstofu og félagsmanna.

SI haust var farið í nauðsynlegar viðgerðir á orlofshúsi SART. Vatn (Snjór) hafði komist undir þröskulda og gólf á gestahúsi og geymslu. Eftir úttekt var ljóst að endurnýja þurfti gólfíð að stórum hluta. Jafnframt var tækifærið notað á meðan húsið var ekki í útleigu og klárað að leggja hitaveituna í stóra húsið en það hafði aldrei verið klárað. Þetta tækifæri var einnig notað til að sinna öðrum smærri viðhaldsverkefnum. Hefur verið mjög góð nýtni á húsinu eftir að þessum verkefnum lauk. Frá og með áramótum var leigan hækkuð og er nú 20.000 fyrir helgar leigu og 40.000 fyrir viku leigu.

Bókanir í byrjun árs lofa mjög góðu og er 75% aukning á útleigu það sem af er árinu samanborið við 2018. Vonandi heldur þessi þróun áfram út árið.

Merki Löggiltra rafverktaka bláum grunni með textanum Löggiltur rafverktaki er skrásett vörumerki hjá einkaleyfastofu. Því er öllum sem ekki eru félagsmenn í SART gegnum eitthvert af aðildarfélagunum óheimilt að nota þetta merki. Vil ég biðja ykkur um að hafa það í huga að það getur verið gott tækifæri ef við sjáum merkið okkar í notkun af utanfélagsmönnum að gefa sig á tal við viðkomandi og sjá hvort ekki sé grundvöllur á því að viðkomandi gangi til liðs við okkur. Að sjálfsögðu tek ég á móti öllum ábendingum um misnotkun á merkinu og gott er að mynd fylgi þessháttar ábendingum.

Eins og Hjörleifur kom inn á í ræðu sinni þá höfum við verið svo lánsamir að rafverktaka fyrirtæki sjá sér hag í því að ganga til liðs við okkur. Það er ekki sjálfgefið og við fögnum öllum nýjum félögum. Hvet ég ykkur til að hafa það í huga þegar við sjáum nýjan aðila sem er að hasla sér völl í faginu eða einhvern sem hefur staðið utanfélags hvort þar sé hugsanlega kominn næsti nýi félagsmaður SART.

Á vettvangi Samtaka iðnaðarins er litið til SART sem fyrirmynd að góðu starfi meistarafélags og virðing borin fyrir framlagi okkar til þeirra málefna sem efst eru á baugi hverju sinni. Gefnar hafa verið út stórar skýrslur um málefni sem okkur standa nærri, Menntastefnu, Nýsköpunarstefnu, Atvinnustefna og Samkeppnishæfni.

Stórir fræðslufundir hafa verið haldnir um Persónuverndarmál þar sem miðlað hefur verið upplýsingum um það hvað fyrirtæki þurfa að huga að í sýnum rekstri til að uppfylla lög um persónuvernd.

Lögfræðingur SI hefur farið inn á stjórnarfundum flestra aðildarféлага SI með kynningu á samkeppnisréttarstefnu SI og hafa stjórnarmenn í lok þeirrar kynningar skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni haga störfum sýnum innan lagaramma samkeppnislaga.



Svo dæmi séu tekin af öðrum daglegum störfum þá hefur aukist til muna að leitað til SI með umsagnir um þingmál, laga- og reglugerðarbreytingar sem snerta fyrirtæki innan samtakanna. Má þar nefna breytingar á mannvirkjalögunum sem breytt var tvisvar árið 2018 og snerta okkur Rafverktaka beint. Mannvirkjaráð Samtaka iðnaðarins hefur einnig staðið fyrir fyrirlestraröð um gæðamál svo fátt eitt sé nefnt. Þetta gerist í kjölfar þess að sýnileiki samtakanna hefur samkvæmt mælingum aukist um 50% frá árinu 2016.

Það eru spennandi verkefni framundan á þessu afmælisári. Í dag leit afmælisblað SART dagsins ljós og seinna í dag verður slegið í gott party að til efni 70 ára afmælis SART hér uppi á 4. hæð í veislusalnum Háteig, Vonast ég að sjá ykkur alla þar uppi ásamt velunnurum SART og öðrum félagsmönnum sem gátu ekki verið með okkur á þessum fundi.

Fundarstjóri, ég hef lokið mál mínu.